

STARFSREGLUR STJÓRNAR BÍS



Staðfestar á 21. stjórnarfundi BÍS 23. maí 2017

1. STARFSLÝSING STJÓRNAR

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS milli Skátabinga í umboði þess (gr.26)*.

Sameiginlega ber stjórn BÍS, ábyrgð á (gr.23):

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við skátaheitið, skátalögin, landslög, lög og grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.
- Að uppfæra og fylgja reglugerðum og samþykktum stefnum (s.s. forvarnastefnu, umhverfisstefnu, jafnréttisstefnu).
- Að uppfæra og fylgja verkferlum sem unnir eru út frá GSAT gæðastaðli og góðu verklagi í skátastarfi.

Stjórn BÍS kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og ríkisvaldi í sameiginlegum málefnum hreyfingarinnar. Samþykki stjórnar BÍS þarf fyrir inngöngu BÍS í önnur samtök og félög. Stjórn BÍS skal leita staðfestingar næsta Skátabings á slíkri aðild (gr.24).

Stjórn BÍS ræður framkvæmdastjóra að undangenginni auglýsingu. Stjórn BÍS setur reglugerðir um starfsemi skáta innan BÍS og aðra þætti starfsins, eftir því sem þurfa þykir hverju sinni, enda rúmist efni þeirra innan laga BÍS. Hlutverk reglna og reglugerða er að kveða nánar á um skipulag einstakra þátta í starfsemi íslenskra skáta. Stjórn er heimilt að skipa nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra (gr.24).

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt sjö fastaráð. Sjá nánar kafla 2 um ábyrgð og hlutverk og kafla 6 um skyldur fastaráða og ákvörðunarvald.

2. SKIPTING STARFA INNAN STJÓRNARINNAR OG LÝSING Á STARFSSVIÐI EINSTAKRA STJÓRNARMANNA

Stjórn BÍS skal skipuð átta skátum: skátabingja, aðstoðarskátabingja (sem jafnframt er formaður félagaráðs), gjaldkera (sem jafnframt er formaður fjármálaráðs) og formönnum alþjóða-, dagskrár-, fræðslu-, ungmenna- og upplýsingaráða BÍS (gr. 21).



Starfssvið ráða og stjórnarmanna er sem segir í 23. grein laga BÍS:

- Skátahofðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu**
Skátahofðingi deilir verkefnum með stjórninni að því leyti sem það er ekki gert í lögum þessum. Hann stjórnar fundum stjórnar BÍS og skipar félagsforingja, að undangenginni kosningu á aðalfundi viðkomandi félags. Í samskiptum við erlend samtök skáta teljast skátahofðingjarnir tveir, skátahofðingi stúlkna og skátahofðingi drengja, og skipta skátahofðingi, aðstoðarskátahofðingi eða formaður alþjóðaráðs þessum verkefnum skátahofðingja á milli sín eftir því sem við á.
- Aðstoðarskátahofðingi er staðgengill skátahofðingja og formaður félagsráðs**
Aðstoðarskátahofðingi ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á tengslum stjórnarinnar við skátafélögin í landinu og þjónustu og stuðning við félagsstjórnir, s.s. varðandi mat á stöðu skátafélaganna, stefnumótun þeirra og gerð stuðningsefnis og námskeiða um efnið. Þá veitir aðstoðarskátahofðingi, sem og ráðið, ráðgjöf og aðstoð við samskipti skátafélaga við opinbera aðila og almennan rekstur félaganna. Aðstoðarskátahofðingi ber ábyrgð á fundargerðum stjórnar BÍS og skátaþinga. Aðstoðarskátahofðingi ber jafnframt ábyrgð á félagatali BÍS.
- Gjaldkeri er formaður fjármálaráðs**
Gjaldkeri er tengiliður stjórnar við framkvæmdastjóra um daglegan rekstur BÍS og dótturfélaga. Gjaldkeri ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, kemur með tillögur að nýjum fjárlunum og frambróun þeirra sem staðið er að, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerð o.p.h. Fjármálaráð reynir að skapa þau sambönd og tengsl sem þarf til að BÍS geti treyst fjárhagsgrunn sinn til framtíðar.
- Formaður alþjóðaráðs**
Ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á samskiptum við alþjóðasamtök skáta, WOSM og WAGGGS, erlend skátabandalög og kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis. Alþjóðaráð leggur fram tillögur að upptöku alþjóðlegra verkefna á Íslandi og þáttöku BÍS í erlendum námskeiðum og viðburðum.
- Formaður dagskrárráðs**
Ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á allri skátadagskrá BÍS, hefur umsjón með útgáfu og endurskoðun verkefna og annarra gagna er varða skátastarf, sem og framkvæmd sameiginlegra viðburða á vegum BÍS. Dagskrárráð ber ábyrgð á útfærslu á starfsgrunni í skátastarfi fyrir 7-25 ára skáta og leggur fram tillögur að námskeiðum í tengslum við framkvæmd skátadagskrárinnar.



• **Formaður fræðsluráðs**

Ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á fræðslustarfi BÍS, þ.m.t. starfsgrunnur, gerð námskrár og framkvæmd námskeiða og leggur fram tillögur að útgáfu námsefnis fyrir öll námskeið. Fræðsluráð ber ábyrgð á fræðslu leiðtoga og foringjafræðslu, hönnun leiðbeinendanámskeiða sem og skipulagningu og framkvæmd Gilwell námskeiða.

• **Formaður ungmennaráðs**

Ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á að hvetja til og auka ungmannalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þáttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

• **Formaður upplýsingaráðs**

Ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á samskiptum, útbreiðslu skátastarfs og almannatengslum BÍS við skáta, foreldra, almenning, önnur félagasamtök og opinbera aðila. Ráðið vinnur að mótu ímyndar skátahreyfingarinnar. Þá ber ráðið ábyrgð á heimasiðugerð og samskiptum á öðrum samskiptamiðlum.

3. FRAMKVÆMDARÁÐ STJÓRNAR BÍS

Skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi (þ.e. formaður félagaráðs), gjaldkeri (þ.e. formaður fjármálaráðs), framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri mynda framkvæmdaráð BÍS. Framkvæmdaráð er framkvæmdastjóra til stuðnings og fulltingis við afgreiðslu mála. Framkvæmdaráð sér um samskipti við önnur félagasamtök og opinbera aðila. Framkvæmdastjóri eða skátahöfðingi boðar framkvæmdaráð til fundar tvívar í mánuði eða begar þörf krefur. Framkvæmdaráð vinnur í umboði stjórnar BÍS og afgreiðir mál í anda hennar. Ef vafi leikur á um stefnu stjórnar BÍS í einstökum málum eða ef ágreiningur er um afgreiðslu mála í framkvæmdaráði ber ráðinu að skjóta viðkomandi máli til stjórnar BÍS. Framkvæmdaráð heldur skrá yfir afgreiðslu mála og gerir stjórn BÍS grein fyrir störfum sínum. Tilgangur með starfi framkvæmdaráðs er, auk stuðnings við framkvæmdastjóra, að fækka afgreiðslumálum á fundum stjórnar BÍS og þar með skapa stjórninni aukin tækifæri til sinna stefnumótun og eftirfylgni.

Verkefni framkvæmdaráðs eru:

- Stuðningur við daglegan rekstur Skátamiðstöðvarinnar
- Umsagnir við frumvörp og önnur formleg bréfaskrif
- Forgangsraða verkefnum og senda stærri mál til ákvörðunar hjá stjórn BÍS
- Afgreiða ferðabeiðnir starfsmanna og sjálfboðaliða
- Undirbúa einstök mál fyrir stjórnarfundi BÍS
- Samþykkja úttagðan kostnað framkvæmdarstjóra
- Samþykkja útborguð laun framkvæmdarstjóra
- Eftirfylgni með fjárglagsáætlun BÍS og dótturfélaga
- Stuðningur í starfsmannamálum
- Stuðningur við eftirfylgni stefnumótunar BÍS



4. STARFSRÁÐ SKÁTASTARFS

Formenn félagaráðs, fræðsluráðs og dagskrárráðs mynda starfsráð þar sem unnið er að sameiginlegum verkefnum ráðanna, samræmingu verkefna og samhæfingu vinnuhópa. Starfsráð tryggir að viðeigandi stuðningur við félög, stjórnir og sveitarforingja sé til staðar.

5. Starfslýsing framkvæmdastjóra BÍS (skv. samningi dags. 1.1.16 og viðbót dags. 20.3.17)

Framkvæmdastjóri BÍS ber ábyrgð gagnvart skátaþöfðingja og stjórn BÍS á eftirtöldum atriðum:

- Öllum daglegum rekstri BÍS, þ.m.t. yfirumsjón með öllum þáttum rekstrar skrifstofu BÍS sem og starfsmannahaldi, þ.m.t. ráðning starfsfólks og ákveður starfstíma þess og launakjör.
- Ber ábyrgð á viðhaldi allra eigna BÍS.
- Ber ábyrgð á allri útgáfu og kynningu á vegum BÍS á hvaða formi sem er.
- Fer með prókúru BÍS og allan fjármálalegan rekstur í samráði við gjaldkera BÍS. Hann ber ábyrgð á öllum fjárlöfunum BÍS og hefur frumkvæði að þeim. Þá fer hann með fjármálastjórn allra stærri verkefna sem eru á vegum BÍS nema hann kjósi að fela það hlutverk öðrum. Hann hefur heimild til að skuldbinda BÍS fjárhagslega innan ramma hins daglega rekstrar, en samþykki stjórnar þarf fyrir verulegum skuldbindingum utan þess ramma.
- Er talsmaður BÍS gagnvart utanaðkomandi aðilum, hinu opinbera, fjölmöldum o.s.frv. í samráði við stjórn og skátaþöfðingja.
- Er framkvæmdaraðili í umboði stjórnar, gagnvart öðrum skátum, félögum og samböndum.
- Hefur frumkvæði að öllum þeim málum sem eru skátaþreyfingunni til framdráttar og leggur um það tillögur til stjórnar BÍS.
- Ber ábyrgð á samskiptum stjórnar BÍS og starfsmanna við starfandi ráð og nefndir á vegum BÍS og fylgist með gangi mála hjá þeim í samráði við stjórn.
- Hann eða starfsmaður hans annast samskipti við starfandi ráð og nefndir á vegum BÍS og fylgist með gangi mála hjá þeim í samráði við stjórn.
- Hefur umsjón með og sér um þau verkefni er stjórn felur honum.

6. ÁKVÖRÐUNARVALD OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS milli Skátabinga í umboði þess (gr.21). Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði skátaþöfðingja (gr.21). Við ákvárdanatöku í fastaráðum BÍS ræður einfaldur meirihluti.



7. UM FASTARÁÐ STJÓRNAR, SKYLDUR ÞEIRRA OG ÁKVÖRÐUNARVALD

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt sjö fastaráð: alþjóðaráð, dagskrárráð, félagaráð, fjármálaráð, fræðsluráð, ungmannaráð og upplýsingaráð. Skátaþing kýs árlega fjóra einstaklinga í hvert fastaráð til eins árs. Skátar sem bjóða sig fram í ungmannaráð þurfa að vera á aldrinum 16 - 25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Stjórnarmenn BÍS eru formenn ráðanna og eru tengiliðir við stjórn BÍS (gr.25). Ráðin eru samábyrg formanni hvað varðar viðkomandi málaflokk. Sjá nánar um hlutverk fastaráða og formanna þeirra í kafla 2.

Fastaráðin setja saman starfsáætlun árlega sem er lögð til samþykkis stjórnar. Ráðin upplýsa stjórn um stjórnendur verkefna sem tilgreind eru í starfsáætlun og /eða tilgreind eru í hlutverki ráðsins skv. lögum BÍS. Annað kemur til ákvörðunar stjórnar hverju sinni s.s. stærri viðburðir, nýjungrar í málaflokki o.s.frv. Stjórn ber ábyrgð á samræmingu starfsáætlana fastaráða við stefnumótun BÍS, starfs- og fjárhagsáætlun BÍS og heildar verkefnastöðu BÍS.

Meðlimir stjórnar og fastaráða fá að sækja endurgjaldslaust námskeið og fræðslu sem BÍS hefur á sinni könnu.

8. STÆRRI VERKEFNI/VIÐBURÐIR

Stjórnendur stærri viðburða/verkefna eru skipaðir af stjórn BÍS. Stjórnendur skila verkefnaáætlun til samþykkis stjórnar áður en framkvæmd verkefnis hefst. Í verkefnaáætlun kemur að lágmarki fram markmið og tilgangur verkefnis, verkþáttaskipting og tímaáætlun, gróf kostnaðaráætlun og helstu hagsmunaaðilar. Þar kemur einnig fram tímалengd verkefnis, upphafs- og lokadagar og e.t.v. þema viðburðarins.

Stjórnendur skila stöðuskýrslu um framvindu verkefnisins reglulega yfir framkvæmdatímann auk endurmatsskýrslu við lok verkefnisins.

9. ÁRLEGT ÁRANGURSMAT

Árangursmat stjórnarinnar er framkvæmt á árlegum endurmatsfundi þar sem farið er yfir framkvæmd starfsáætlunar og rekstraráætlunar ársins á undan. Auk þess er gerð þjónustukönnun meðal skátafélaga fyrir skátaþing ár hvert.

10. SÖFNUN OG VEITING UPPLÝSINGA FRÁ FRAMKVÆMDARSTJÓRA OG FASTARÁÐUM TIL STJÓRNAR

Framkvæmdastjóri er með skýrslu um störf sín og Skátamiðstöðvarinnar á hverjum stjórnarfundi.

Formenn fastráða flytja reglulega munnlegt yfirlit yfir helstu verkefni ráðsins.



11. PAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

Allir stjórnarmenn skrifa undir drengskaparheit skátaforingja þegar þeir taka sæti í stjórn BÍS.

Skátamiðstöðin annast fjöldasendingar frá stjórn, ráðum og vinnuhópum til skáta og annarra.

Skátamiðstöðin annast gagnaöflun úr félagatali BÍS fyrir stjórn, ráð og vinnuhópa. Þá sér Skátamiðstöðin um að svara/bregðast við skrifum á heimasíðu skáta á facebook.

12. VANHÆFNI OG HAGSMUNAÁREKSTRAR

Stjórnarmeðlimir eða stjórnarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi viðkomandi við ákvarðanir á ákveðnu máli á án tafar að vekja athygli á þeim og víkja af fundi á meðan málið er til afgreiðslu. Um vanhæfi vísast til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, kafla II. Ef vafi liggur á um vanhæfi er málið borið undir atkvæði í stjórn.

Stjórnarmaður skal aldrei taka við né þiggja gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist og upplýsa aðra stjórnarmenn ef gefandinn tengist máli sem er til umfjöllunar.

Stjórnarmenn skulu ekki þiggja laun fyrir stjórnarsetu né vera fastráðnir starfsmenn BÍS eða dótturfyrirtækja.

Greiðslur eða umbun til stjórnar og framkvæmdastjóra skulu samþykktar af skátaþöfðingja (aðstoðarskátahöfðingja í fjarveru skátaþöfðingja) og gjaldkera. Einnig þarf að gefa slíkt upp til skatts þar sem það á við. Framkvæmdastjóri skal upplýsa stjórn ef stjórnarmaður fær greitt fyrir sérstök verkefni.

Stjórnarmenn fara ekki með atkvæði fyrir skátafélög á skátapengi.

13. UM STJÓRNARFUNDI

Stjórnarfundir eru haldnir vikulega fram til 20. júni 2017. Eftir það eru stjórnarfundir að jafnaði aðra hverja viku nema annað sé ákveðið. Fundirnir eru haldnir í Skátamiðstöðinni nema annað sé sérstaklega tiltekið. Stjórnarfundir eru boðaðir með minnst tveggja daga fyrirvara. Öllum skátum er heimilt að bera upp erindi við stjórn BÍS. Stjórn boðar til sín aðila eftir verkefnum.

Ef stjórnarmeðlimur sér fram á að geta ekki sinnt fundarsetu (þ.m.t. skype fundum) í a.m.k. 80% af stjórnarsetu sinni ber viðkomandi ráði að tilnefna annan ráðsmann til stjórnarsetu. Viðkomandi hefur þá málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri sitja stjórnarfundi og rita fundargerðir. Í fjarveru skátaþöfðingja stjórnar aðstoðarskátahöfðingi fundum stjórnar (gr.23).



Við meðferð trúnaðargagna er vísað í greinina um þagnarskyldu hér að ofan.
Trúnaðarmál eru skráð í trúnaðarbók BÍS.

Fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar öllum á vef BÍS [www.skatamal.is](#)

